

Viktoría Ósk tekur að sér að hefja innheimtu vegna auglýsinga á treyjur frá styrktaraðilum. Helgi Pjetur sendir henni skjal með upplýsingum um styrktaraðila og upphæðir.

Ákveðið og samþykkt einróma í stjórn að liðsmenn PFH sem valdir verða í félagslið PFH sem tekur þátt í Íslandsmóti félagsliða fái treyju frá félaginu að kostnaðarlausu.

8. PFH þjálfun / æfingar

Helgi Pjetur tekur til máls og óskar eftir formlegu leyfi frá stjórn til að ræða við Ingibjörgu Magnúsdóttur um samstarf PFH og hennar varðandi þjálfun undir nöfnum PFH. Helgi Pjetur upplýsir stjórn í kjölfarið um framvindu mála.

9. Verðlaunamál

Stjórn ákveður að gerð verði drög að skipulagi um fyrirkomulag verðlauna í mótum á vegum PFH. Þannig verði hægt að skipuleggja betur, panta verðlaun með betri fyrirvara og í meira magni en áður. Kristinn Geir tekur að sér að leggja drög að skipulaginu og bera undir stjórn til samþykktar

Fundi slitið 15:30

Fundargerð samþykkt í stjórn með rafrænum undirritunum

